

EIMSKIP KYNNIR AFKOMU ÞRIÐJA ÁRSFJÓRÐUNGS 2013

- Rekstrartekjur námu 113,5 milljónum evra og hækkuðu um 0,8% á milli ára
- Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, EBITDA, nam 12,1 milljón evra og hækkaði um 5,2%
- Eiginfjárlutfall var 63,9% í lok september
- Flutningsmagn í áætlunarsiglingum á Norður-Atlantshafi jókst um 4,1% á milli ára
- Flutningsmagn í frystiflutningsmiðlun jókst um 7,6% á milli ára
- Áætluð EBITDA fyrir árið 2013 er á bilinu 37 til 40 milljónir evra

Fjárhæðir í þúsundum evra

Rekstrarreikningur	Q3 2013	Q3 2012	Breyting	%	9M 2013	9M 2012	Breyting	%
Rekstrartekjur	113.524	112.574	950	0,8%	326.949	315.725	11.224	3,6%
Rekstrargjöld	101.405	101.735	(330)	(0,3%)	297.774	285.844	11.930	4,2%
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir - EBITDA	12.119	10.839	1.280	11,8%	29.175	29.881	(706)	(2,4%)
Afskriftir	(5.494)	(5.026)	(468)	(9,3%)	(15.656)	(16.318)	662	4,1%
Rekstrarhagnaður - EBIT	6.625	5.813	812	14,0%	13.519	13.563	(44)	(0,3%)
Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)	(1.274)	104	(1.378)	1.325,0%	(2.392)	(1.934)	(458)	(23,7%)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	5.351	5.917	(566)	(9,6%)	11.127	11.629	(502)	(4,3%)
Tekjuskattur	(272)	(169)	(103)	60,9%	(1.478)	2.095	(3.573)	(170,5%)
Hagnaður tímabilsins	5.079	5.748	(669)	(11,6%)	9.649	13.724	(4.075)	(29,7%)
Leiðrétt fyrir einskiptisliðum:								
Tekjubreyting	0,8%	12,8%			3,6%	13,9%		
EBITDA / rekstrartekjur	10,7%	10,2%			8,9%	9,7%		
EBIT / rekstrartekjur	5,8%	5,8%			4,1%	4,5%		
Nettóskuldir / LTM EBITDA	0,86	0,85			0,86	0,85		
Efnahagsreikningur	30.09.2013	30.09.2012	Breyting	%	30.09.2013	31.12.2012	Breyting	%
Eignir	321.099	303.077	18.022	5,9%	321.099	313.281	7.818	2,5%
Fastafjármunir	216.785	204.436	12.349	6,0%	216.785	209.723	7.062	3,4%
Veltufjármunir	104.314	98.641	5.673	5,8%	104.314	103.558	756	0,7%
Eigið fé	205.077	190.415	14.662	7,7%	205.077	199.599	5.478	2,7%
Skuldir	116.022	112.662	3.360	3,0%	116.022	113.682	2.340	2,1%
Vaxtaberandi skuldir	60.540	62.061	(1.521)	(2,5%)	60.540	59.254	1.286	2,2%
Nettóskuldir	33.864	33.245	619	1,9%	33.864	21.950	11.914	54,3%
Efnislegar eignir / heildareignir	93,6%	93,7%			93,6%	93,7%		
Eiginfjárlutfall	63,9%	62,8%			63,9%	63,7%		
Sjóðstreymi	Q3 2013	Q3 2012	Breyting	%	9M 2013	9M 2012	Breyting	%
Handbært fé frá rekstri	7.420	7.333	87	1,2%	13.365	24.123	(10.758)	(44,6%)
Fjárfestingarhreyfingar	(7.090)	(3.410)	(3.680)	(107,9%)	(21.621)	(30.996)	9.375	30,2%
Fjármögnunarhreyfingar	(956)	(2.384)	1.428	59,9%	(1.509)	(8.238)	6.729	81,7%
Breyting á handbæru fé	(626)	1.539	(2.165)	(140,7%)	(9.765)	(15.111)	5.346	35,4%
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	(160)	76	(236)	(310,5%)	(863)	410	(1.273)	(310,5%)
Handbært fé í lok tímabils	26.676	28.816	(2.140)	(7,4%)	26.676	28.816	(2.140)	(7,4%)

GYLFI SIGFÚSSON, FORSTJÓRI

„Afkoma á þriðja ársfjórðungi er í takt við okkar væntingar. Flutt magn til og frá Íslandi jókst samanborið við síðasta ár og snéri við þeirri þróun sem orðið hafði á fyrri hluta ársins. Flutningsmagn í áætlunarsiglingum á þriðja ársfjórðungi jókst um 4,1% á milli ára og var vöxtur á öllum markaðssvæðum. Magn í alþjóðlegri flutningsmiðlun á þriðja ársfjórðungi jókst um 7,6% á milli ára.

Rekstrartekjur á þriðja ársfjórðungi jukust um 0,8% á milli ára og námu 113,5 milljónum evra. EBITDA nam 12,1 milljón evra sem er hækkun um 5,2% frá fyrra ári að teknu tilliti til einskiptiskostnaðar vegna skráningar félagsins á markað á síðasta ári. Eins og áður hefur komið fram gerði félagið umfangsmiklar breytingar á siglingakerfinu í mars sem jók afkastagetu kerfisins um 7,7% og hefur breytingunum verið vel tekið af viðskiptavinum innanlands og erlendis. Afkoma tengd starfsemi Eimskips á Íslandi er enn undir okkar væntingum en er þó í samræmi við efnahagsástandið á Íslandi, flutningsmagn til landsins og skort á verkefnum tengdum fjárfestingum á Íslandi. Aftur á móti hefur starfsemi félagsins utan Íslands haldið áfram að vaxa, bæði þjónusta við áætlunarsiglingar utan Íslands og alþjóðleg flutningsmiðlun. Það sýnir sig hversu mikilvægt er fyrir félagið að hafa fjölbreyttar stoðir undir rekstrinum. Við höldum áfram að leita tækifæra til innri vaxtar og horfum til fjárfestinga sem falla að rekstri og stefnu félagsins.

Dótturfélag Eimskips, TVG-Zimsen, hóf í október samstarf við skipafélagið Royal Arctic Line. Með samstarfinu, sem er í samræmi við stefnu félagsins, er TVG-Zimsen að stíga mikilvægt skref á Norður-Atlantshafi, þar sem við teljum að mikil tækifæri muni liggja í framtíðinni.

Eimskip hefur áfram verið að styrkja innviði félagsins á Íslandi með því að taka í notkun tvær nýjar byggingar. Önnur byggingin er nýtt og fullkomið verkstæði í Sundahöfn sem mun þjóna viðgerðarþjónustu fyrir sérhæfðan tækjabúnað Eimskips. Hin byggingin er ný dreifingarmiðstöð á Reyðarfirði sem mun styrkja til muna þjónustu félagsins á Austurlandi.

Almennt erum við ánægð með þau jákvæðu viðbrögð sem félagið hefur fengið við bættri þjónustu við viðskiptavini á Íslandi, á Norður-Atlantshafi og í alþjóðlegri flutningsmiðlun. Með árangri okkar á þriðja ársfjórðungi erum við að sjá ávinninginn af okkar stefnu. Þess vegna endurskoðum við markmið okkar um rekstrarhagnað ársins 2013 og gerum ráð fyrir að EBITDA ársins muni verða á bilinu 37 til 40 milljónir evra.“

REKSTUR ÞRIÐJA ÁRSFJÓRÐUNGS

Rekstrartekjur þriðja ársfjórðungs námu 113,5 milljónum evra samanborið við 112,6 milljónir evra á þriðja ársfjórðungi 2012 og jukust um 0,8% á milli ára. Tekjur af áætlunarsiglingum námu 84,5 milljónum evra og jukust um 4,5% á milli ára. Aukning var í flutningsmagni á helstu markaðssvæðum félagsins og nam hún 4,1% á milli ára í áætlunarsiglingum félagsins á Norður-Atlantshafi. Aukningu í flutningsmagni í áætlunarsiglingum má rekja til aukningar í flutningum til og frá Íslandi, í Færeyjum, Noregi og flutningum á milli Evrópu og Norður-Ameríku. Tekjur af flutningsmiðlun námu 29,0 milljónum evra og lækkuðu um 8,6% frá þriðja ársfjórðungi 2012 vegna breytinga á flutningamynstri þar sem aukning var í styttri flutningsleiðum og samdráttur í þeim lengri. Þetta hafði þó ekki áhrif á afkomu af flutningsmiðlun. Magn í frystiflutningsmiðlun jókst um 7,6% í samburði við þriðja ársfjórðung 2012 og má rekja aukninguna til aukinna flutninga innan Asíu og aukinna flutninga á uppsjávarfiski innan Evrópu. Verð á alþjóðlegum flutningamörkuðum á milli Evrópu og Asíu á þriðja ársfjórðungi var mjög svipað á milli ára. Styrking evru á móti helstu viðskiptamyntum félagsins hefur haft áhrif til lækkunar á veltu á milli ára.

Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, eða EBITDA, nam 12,1 milljón evra á þriðja ársfjórðungi samanborið við 10,8 milljónir evra á sama tímabili 2012. Að teknu tilliti til einskiptisliðar vegna 0,7 milljóna evra kostnaðar við skráningu félagsins á markað á þriðja ársfjórðungi 2012 nam EBITDA 11,5 milljónum evra. Jókst EBITDA því um 5,2% á milli ára. EBITDA hlutfall á fjórðungnum var 10,7% samanborið við 10,2% á þriðja ársfjórðungi á fyrra ári. Afkoma félagsins af alþjóðlegri frystiflutningsmiðlun var góð á fjórðungnum, eða um 0,7 milljónum evra betri en árið áður. Einnig var góð afkoma af áætlunarsiglingum í Færeyjum, Noregi og Norður-Ameríku. Afkoma af flutningum til og frá Íslandi er

hins vegar undir væntingum, en þó er jákvætt að sjá að flutningsmagn er að vaxa á milli ára. Breytingar á siglingakerfinu frá því í mars juku afkastagetu kerfisins um 7,7%.

Afskriftir námu 5,5 milljónum evra á fjórðungnum en voru 5,0 milljónir evra á þriðja ársfjórðungi 2012. Hækkun afskrifta stafar einkum af auknum fjárfestingum í fastafjármunum.

Rekstrarhagnaður, EBIT, nam 6,6 milljónum evra á þriðja ársfjórðungi samanborið við 5,8 milljóna evra rekstrarhagnað á sama tímabili í fyrra. Að teknu tilliti til áðurnefnds einskisliðar vegna kostnaðar við skráningu félagsins á markað á þriðja ársfjórðungi 2012 nam rekstrarhagnaðurinn 6,5 milljónum evra.

Nettó fjármagnsgjöld námu 1,3 milljónum evra samanborið við 0,1 milljónar evra nettó fjármunatekjur á þriðja ársfjórðungi 2012. Breytinguna má meðal annars skýra með veikingu íslensku krónunnar og sveiflum í gengismun á milli ára tengdum stöðum á milli félaga innan samstæðu sem ekki hafa áhrif á handbært fé.

Gjaldfærðir skattar námu 0,3 milljónum evra samanborið við 0,2 milljóna evra gjaldfærða skatta á þriðja ársfjórðungi 2012.

Hagnaður eftir skatta nam 5,1 milljón evra á fjórðungnum samanborið við 5,7 milljóna evra hagnað eftir skatta á sama tímabili 2012.

REKSTUR FYRSTU NÍU MÁNAÐA ÁRSINS

- **Rekstrartekjur námu 326,9 milljónum evra og hækkuðu um 3,6% milli ára**
- **EBITDA var 29,2 milljónir evra og lækkaði um 4,5% á milli ára**
- **Flutningsmagn í áætlunarsiglingum á Norður-Atlantshafi jókst um 2,2% á milli ára**
- **Flutningsmagn í frystiflutningsmiðlun jókst um 8,5% á milli ára**

Rekstrartekjur Eimskips fyrstu níu mánuði ársins námu 326,9 milljónum evra samanborið við 315,7 milljónir evra fyrstu níu mánuðina 2012 og jukust um 3,6% á milli ára. Aukning var í flutningum á helstu markaðssvæðum félagsins á Norður-Atlantshafi nema á Íslandi, en samdráttur var í innflutningi til landsins á milli ára. Nam heildaraukningin í áætlunarsiglingum félagsins á Norður-Atlantshafi 2,2% á milli ára. Magn í frystiflutningsmiðlun jókst um 8,5% í samburði við sama tímabil 2012 einkum vegna aukinna flutninga innan Asíu og frá Asíu til Evrópu. Verðsveiflur á alþjóðlegum flutningamörkuðum hafa áhrif á tekjur félagsins og hafa miklar sveiflur verið á árinu samanborið við síðasta ár, en mikil hækkun var á fyrsta ársfjórðungi, veruleg lækkun á öðrum ársfjórðungi en síðan svipað verð á þriðja ársfjórðungi.

Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, EBITDA, nam 29,2 milljónum evra samanborið við 29,9 milljónir evra á sama tímabili 2012. Að teknu tilliti til einskisliðar vegna 0,7 milljóna evra kostnaðar við skráningu félagsins á markað á þriðja ársfjórðungi 2012 nam EBITDA á fyrstu níu mánuðum fyrra árs 30,6 milljónum evra. EBITDA dróst því saman um 4,5% á milli ára. EBITDA hlutfall fyrstu níu mánuði ársins var 8,9% samanborið við 9,7% fyrstu níu mánuðina 2012. Skýrist breytingin á afkomu á milli ára aðallega af breyttu siglingakerfi og minni innflutningi til Íslands á árinu.

Afskriftir námu 15,7 milljónum evra á tímabilinu en voru 16,3 milljónir evra á sama tímabili 2012. Lækkun afskrifta stafar einkum af því að hluti af skipum félagsins eru að fullu afskrifuð.

Rekstrarhagnaður, EBIT, nam 13,5 milljónum evra samanborið við 13,6 milljóna evra rekstrarhagnað á sama tímabili í fyrra. Að teknu tilliti til 0,7 milljóna evra einskisliðar á þriðja ársfjórðungi 2012 vegna kostnaðar við skráningu Eimskips á markað nam rekstrarhagnaðurinn 14,3 milljónum evra á fyrra ári.

Nettó fjármagnsgjöld námu 2,4 milljónum evra samanborið við 1,9 milljónir evra fyrstu níu mánuði 2012. Skýrist breytingin af gengistapi í ár samanborið við gengishagnað í fyrra en á móti kemur að vaxtakostnaður lækkaði á milli ára.

Hagnaður fyrir tekjuskatt nam 11,1 milljón evra í ár samanborið við 11,6 milljónir evra í fyrra.


Gjaldfærðir skattar námu 1,5 milljónum evra samanborið við 2,1 milljóna evra tekjufærða skatta fyrstu níu mánuðina 2012, en þá eignfærði dótturfélag skattalegt tap að fjárhæð 2,8 milljónir evra.

Hagnaður eftir skatta nam 9,6 milljónum evra á tímabilinu samanborið við 13,7 milljóna evra hagnað á sama tímabili 2012.

Rekstur félagsins hefur verið stöðugur undanfarin ár eins og sjá má á eftirfarandi myndum, en þær sýna hvernig rekstrartekjur og rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, EBITDA, skiptast á ársfjórðunga á árunum 2010 til 2013.

Á myndunum hafa rekstrartekjur og EBITDA verið leiðrétt fyrir einskiptisliðum á árunum 2011 og 2012. Rekstrartekjur og EBITDA á fyrsta ársfjórðungi 2011 hafa verið lækkaðar um 6,4 milljónir evra vegna innheimtu á áður afskrifaðri kröfu. EBITDA hefur hins vegar verið hækkuð um 0,7 milljónir evra á öðrum ársfjórðungi 2011 vegna strands Goðafoss og um 0,7 milljónir á þriðja ársfjórðungi 2012 vegna kostnaðar við skráningu félagsins. Að lokum var EBITDA á fjórða ársfjórðungi 2012 hækkuð um alls 3,9 milljónir evra, þar af um 1,0 milljón evra vegna skráningar félagsins og um 2,9 milljónir evra vegna kostnaðar vegna kaupréttá sem fallið var frá.

Í milljónum evra



Félagið kynnti í byrjun mars 2013 umfangsmiklar breytingar á siglingakerfi sínu. Fjölgað var um eitt skip í áætlunarsiglingum félagsins sem jók afkastagetu kerfisins um 7,7% en á móti var fækkað um eitt skip í stórflutningum. Félagið var því með 16 skip í rekstri fyrstu níu mánuði ársins. Meginbreytingarnar á kerfinu fólust í vikulegum strandsiglingum um Ísland með beinni tengingu við Færeyjar, Bretland og meginland Evrópu og aukinni ferðatíðni og styttri siglingatíma til og frá Bandaríkjunum með viðkomu í Portland í Maine í stað Everett og Norfolk á austurströnd Bandaríkjanna. Aukinni þjónustu við Bandaríkin er einnig ætlað að styðja enn frekar við aukna flutninga á milli Norður-Noregs og Norður-Ameríku og bæta tengingu með styttri siglingatíma á milli Bandaríkjanna og Nýfundalands. Breytingarnar leiða einnig til aukinnar þjónustu fyrir ferskan fisk frá Færeyjum og aukinnar þjónustu félagsins við vaxandi olíuiðnað á Norðurslóðum með viðkomu í Aberdeen í Skotlandi. Þá hefur einnig verið komið á tengingu inná Eystrasalt og skrifstofa opnuð í Gdynia í Póllandi. Brúarfoss lagði upp í fyrstu strandsiglinguna um Ísland þann 14. mars og fyrsta viðkoman í Portland í Bandaríkjunum var 26. mars. Fyrsta viðkoman í Aberdeen í Skotlandi var í apríl. Breytingarnar á siglingakerfinu höfðu því óveruleg áhrif á rekstur fyrsta ársfjórðungs en komu að fullu inn á öðrum og þriðja ársfjórðungi.

Félagið er nú með 16 skip í rekstri, þar af ellefu eigin skip og fimm leiguskip. Tólf skipanna eru í áætlunarsiglingum, tvö eru í "spot" þjónustu, eitt er í stórflutningum og eitt er ferja.

EFNAHAGUR

- Heildareignir í lok september námu 321,1 milljón evra

- **Eiginfjárlutfall var 63,9%**
- **Vaxtaberandi skuldir námu 60,5 milljónum evra**
- **Nettóskuldir námu 33,9 milljónum evra**

Heildareignir Eimskips námu 321,1 milljón evra þann 30. september 2013. Til samanburðar námu heildareignir 303,1 milljón evra í lok þriðja ársfjórðungs 2012 og 313,3 milljónum evra í árslok 2012.

Fastafjármunir námu 216,8 milljónum evra í lok september samanborið við 204,4 milljónir evra í lok september 2012 og 209,7 milljónir evra í árslok 2012. Nettó fjárfestingar í rekstrarfjármunum fyrstu níu mánuði ársins námu 22,6 milljónum evra, en þar af námu greiðslur vegna smíði tveggja gámaskipa um 8,1 milljónum evra.

Veltufjármunir félagsins námu 104,3 milljónum evra í lok september samanborið við 98,6 milljónir evra í lok september 2012 og 103,6 milljónir evra í árslok 2012. Handbært fé nam 26,7 milljónum evra í lok september samanborið við 28,8 milljónir evra í lok september 2012 og 37,3 milljónir evra í árslok 2012. Lækkunin sem af er þessu ári skýrist einkum af fjárfestingum í skipum og öðrum tækjabúnaði.

Eigið fé nam 205,1 milljónum evra í lok september og var eiginfjárlutfallið 63,9%. Arður að fjárhæð 2,7 milljónir evra var greiddur til hluthafa í lok apríl. Til samanburðar var eigið fé 190,4 milljónir evra í lok september 2012 og eiginfjárlutfallið 62,8% og 199,6 milljónir evra í lok árs 2012 og eiginfjárlutfallið 63,7%.

Vaxtaberandi skuldir námu 60,5 milljónum evra í lok september samanborið við 62,1 milljón evra í lok september 2012 og 59,3 milljónir evra í árslok 2012. Nettóskuldir námu 33,9 milljónum evra í lok september samanborið við 33,2 milljónir evra í lok þriðja ársfjórðungs 2012 og 22,0 milljónir evra í árslok 2012.

SJÓÐSTREYMI OG FJÁRFESTINGAR

- **Handbært fé frá rekstri nam 13,4 milljónum evra fyrstu níu mánuði ársins**
- **Handbært fé nam 26,7 milljónum evra í lok september**
- **Nettó fjárfestingarhreyfingar námu 21,6 milljónum evra**

Handbært fé frá rekstri nam 13,4 milljónum evra fyrstu níu mánuði ársins samanborið við 24,1 milljóna evra handbært fé frá rekstri á sama tímabili 2012. Breytingin á milli ára skýrist einkum af breytingum á rekstrartengdum eignum og skuldum.

Nettó fjárfestingarhreyfingar námu 21,6 milljónum evra á fyrri hluta ársins. Til samanburðar voru nettó fjárfestingarhreyfingar 31,0 milljón evra fyrstu níu mánuði ársins 2012. Heildarfjárfestingar í rekstrarfjármunum námu 23,5 milljónum evra á tímabilinu, en þar af var fjárfest í skipum fyrir 8,1 milljónir evra. Til samanburðar námu heildarfjárfestingar á sama tímabili í fyrra 40,3 milljónum evra. Af heildarfjárfestingum í ár höfðu 2,0 milljónir evra ekki áhrif á handbært fé, en sambærileg fjárhæð var 7,8 milljónir evra fyrstu níu mánuði fyrra árs.

Nettó fjármögnunarhreyfingar námu 1,5 milljónum evra á tímabilinu samanborið við 8,3 milljónir evra á sama tímabili í fyrra. Sjóðsflæði var því neikvætt um 9,8 milljónir evra samanborið við neikvætt sjóðsflæði að fjárhæð 15,1 milljón evra á sama tímabili í fyrra. Handbært fé í lok september nam 26,7 milljónum evra samanborið við 28,8 milljóna evra handbært fé í lok september 2012.

ÁÆTLUÐ AFKOMA ÁRSINS

Áætlað er að EBITDA á árinu 2013 muni nema á bilinu 37 til 40 milljónum evra.

LYKILSTÆRÐIR ÁRSFJÓRÐUNGA 2012 OG 2013

Fjárhæðir í þúsundum evra

Rekstrarreikningur	Q3 2013	Q2 2013	Q1 2013	Q4 2012	Q3 2012
Rekstrartekjur	113.524	108.112	105.313	107.929	112.574
Rekstrargjöld	101.405	98.273	98.096	101.642	101.735
EBITDA	12.119	9.839	7.217	6.287	10.839
EBIT	6.625	4.811	2.083	169	5.813
Hagnaður (tap) tímabilsins	5.079	2.038	2.532	(993)	5.748
Leiðrétt fyrir einskiptisliðum:					
EBITDA	12.119	9.839	7.217	10.202	11.520
EBIT	6.625	4.811	2.083	4.084	6.494
EBITDA / rekstrartekjur	10,7%	9,1%	6,9%	9,5%	10,2%
EBIT / rekstrartekjur	5,8%	4,5%	2,0%	3,8%	5,8%
Efnahagsreikningur	30.09.2013	30.06.2013	31.03.2013	31.12.2012	30.09.2012
Eignir	321.099	314.051	307.193	313.281	303.077
Eigið fé	205.077	200.656	202.219	199.599	190.415
Skuldir	116.022	113.395	104.974	113.682	112.662
Vaxtaberandi skuldir	60.540	60.549	55.575	0	0
Nettóskuldir	33.864	33.087	31.598	21.950	33.245
Eiginfjárhlutfall	63,9%	63,9%	65,8%	63,7%	62,8%
Sjóðstreymi	Q3 2013	Q2 2013	Q1 2013	Q4 2012	Q3 2012
Handbært frá rekstri	7.420	8.226	(2.281)	12.749	7.333
Fjárfestingarhreyfingar	(7.090)	(6.486)	(8.045)	(8.188)	(3.410)
Fjármögnunarhreyfingar	(956)	2.001	(2.554)	3.865	(2.384)
Handbært fé í lok tímabils	26.676	27.462	23.977	37.304	28.816

HLUTHAFAR

- **Hlutabréfaverð í Eimskip hefur hækkað um 13,9% frá skráningu félagsins**
- **Markaðsvirði félagsins var 46,0 milljarðar íslenskra króna þann 21. nóvember 2013**

Viðskipti með bréf Eimskips hófust á NASDAQ OMX Iceland þann 16. nóvember 2012. Útboðsgengi var 208,00 kr. á hlut. Sem af er þessu ári hefur lokaverð hæst farið í 281,00 kr. á hlut og lægst í 221,00 kr. á hlut og var meðaltalslokaverð tímabilsins 255,45 á hlut. Lokaverð þann 21. nóvember 2013 var 237,00 kr. á hlut sem jafngildir 13,9% hækkun frá skráningu félagsins. Markaðsvirði félagsins þann 21. nóvember var 46,0 milljarðar króna sem jafngildir 280,4 milljónum evra.

Fjöldi útgefna hluta er 200.000.000 og er fjöldi útstandandi hluta 194.081.180. Fjöldi hluthafa þann 20. nóvember var 1.232.

UM EIMSKIP

Eimskip rekur 51 starfsstöð í 19 löndum og er með 16 skip í rekstri. Félagið hefur á að skipa um 1.390 starfsmönnum, þar af rúmlega 800 á Íslandi. Um helmingur tekna félagsins kemur frá starfsemi utan

Íslands. Stefna félagsins er að veita framúrskarandi flutningaþjónustu á Norður-Atlantshafi ásamt því að bjóða víðtæka og öflugra þjónustu í alþjóðlegri frystiflutningsmiðlun.

KYNNINGARFUNDUR 22. NÓVEMBER 2013

Kynningarfundur fyrir fjárfesta og markaðsaðila verður haldinn föstudaginn 22. nóvember 2013 í höfuðstöðvum félagsins að Korngörðum 2 í Reykjavík og hefst hann kl. 8:30. Gylfi Sigfússon, forstjóri, og Hilmar Pétur Valgarðsson, framkvæmdastjóri fjármála- og stjórnunarsviðs, munu kynna uppgjör félagsins fyrir þriðja ársfjórðung og fyrstu níu mánuði ársins 2013. Hægt verður að nálgast kynningarefni fundarins að honum loknum á fjárfestasiðu félagsins, www.eimskip.is/investors, og í fréttakerfi NASDAQ OMX Nordic.

SAMÞYKKI STJÓRNAR

Stjórn Eimskipafélags Íslands hf. samþykkti árshlutareikning samstæðu Eimskips fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2013 á stjórnarfundum þann 21. nóvember 2013.

FJÁRHAGSDAGATAL

- Uppgjör fjórða ársfjórðungs 2013 verður birt 27. febrúar 2014
- Aðalfundur verður haldinn 27. mars 2014

FREKARI UPPLÝSINGAR

- Gylfi Sigfússon, forstjóri, sími: 525 7202
- Hilmar Pétur Valgarðsson, framkvæmdastjóri fjármála- og stjórnunarsviðs, sími: 525 7202
- Erna Eiríksdóttir, forstöðumaður fjárfestatengsla, sími: 825 7220, netfang: investors@eimskip.is

TIL ATHUGUNAR FYRIR FJÁRFESTA

Eimskip vekur athygli á því að staðhæfingar sem finna má í þessari fréttatilkynningu kunna að vera byggðar á mati og áætlunum stjórnenda félagsins en ekki á staðreyndum sem hægt er að sannreyna við birtingu tilkynningarinnar. Eðli málsins samkvæmt fela slíkar staðhæfingar í sér óvissu. Athygli fjárfesta er vakin á því að margir þættir geta haft þau áhrif að rekstrarumhverfi félagsins og afkoma verði með öðrum hætti en forsendur gera ráð fyrir í tilkynningunni. Þessi tilkynning verður ekki endurskoðuð eftir birtingu hvað þetta varðar. Staðhæfingar sem finna má í þessari fréttatilkynningu gilda eingöngu á því tímamarki þegar fréttatilkynningin er fyrst birt og takmarkast gildi þeirra við það sem segir í fyrirvara þessum.